


Ísafjarðarbær
Bt. Þórdísar S. Sigurðardóttur, bæjarritara
Hafnarstræti 1
400 Ísafirði



23. október 2019

Styrkbeiðni: Óskað eftir aðkomu Ísafjarðarbæjar vegna móttöku í tengslum við Landsfund Upplýsingar í september 2020

Dagana 24. og 25. september 2020 fer fram á Ísafirði Landsfundur Upplýsingar. Upplýsing er fagfélag á sviði bókasafns- og upplýsingafræða og á tveggja ára fresti stendur félagið fyrir Landsfundum, sem er fagráðstefna haldin í sámvinnu við bókasöfnin á landinu. Dagskráin er ávallt vönduð og fjölbreytt. Við gerum ráð fyrir að bæði innlendir og erlendir fyrirlesarar verði með erindi. Er áætlaður fjöldi Landsfundargesta um 150 manns og má búast við þátttakendum af landinu öllu, frá almennings-, skóla- og háskólabókasöfnum auk sérsafna.

Þetta verður í fyrsta skipti sem Landsfundur verður haldinn á Vestfjörðum og skipa undirbúningsnefnd Edda Björg Kristmundsdóttir, Pernilla Rein og Roberta Šoparaité frá Bókasafninu Ísafirði, Rannveig Halldórsdóttir frá skólasafni Grunnskólans á Ísafirði og Júlía Björnsdóttir frá bókasafni Menntaskólans á Ísafirði.

Í tengslum við Landsfundinn hefur verið hefð fyrir því að halda móttöku fyrir Landsfundargesti í boði viðkomandi sveitarfélags. Að kveldi 24. september verður hátíðarkvöldverður og fyrir hann myndum við vilja bjóða Landsfundargestum til móttöku í sal Safnahússins. Áætlaður kostnaður fyrir slíka móttöku er um 350.000 kr. Við viljum með þessu erindi okkar kanna hvort Ísafjarðarbær sæi sér fært að bjóða til móttökunnar og það væri mjög hátíðlegt ef bæjarstjóri vildi mæta og ávarpa gesti.

Með vinsemi og virðingu f.h. Landsfundarnefndar.

Pernilla Rein

